

## D Ó M U R

**Héraðsdóms Reykjavíkur 20. júní í máli nr. S-475/2006:**

**Ákærvaldið**

*(Kolbrún Sævarsdóttir saksóknari)*

**gegn**

**Agnari Þórarinssyni**

*(Jón Einar Jakobsson hdl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var 30. maí sl., er höfðað samkvæmt ákæru útgefni af ríkissaksóknara 23. mars 2006 á hendur Agnari Þórarinssyni, Aðalstræti 9, Reykjavík, fyrir stórfellt fíkniefnabrot, með því að hafa í ágóðaskyni flutt hingað til lands frá Danmörku 999,94 g af amfetamíni og 3.797,55 g af kannabis, ætluðu til söludreifingar, falið í drifskafni sem ákærði festi við bifreiðina JZ-287 sem flutt var hingað af karlmanni, samkvæmt beiðni ákærða, með farþegaferjunni Norrænu sem kom til Seyðisfjarðar þriðjudaginn 13. desember 2005. Ákærði tók á móti bifreiðinni í Reykjavík daginn eftir, fór með hana í iðnaðarhúsnæði að Drangahrauni 8, Hafnarfirði, þar sem hann fjarlægði fíkniefnin úr drifskafninu og hafði í vörslum sínum til fimmtudagsins 15. sama mánaðar, er lögregla fann efnin við leit, annars vegar amfetamínið og 3.386,13 g af kannabis í bifreiðinni PE-036 sem lagt var við Orrahóla 7, Reykjavík, og hins vegar 411,42 g af kannabis í iðnaðarhúsnæðinu.

Háttsemi ákærða telst varða við 173. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974, sbr. lög nr. 32/2001.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og að ofangreind fíkniefni, sem og samtals 5,87 g af kannabis sem fundust við leit lögreglu í hanskahólfi bifreiðarinnar PE-036, verði gerð upptæk samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar um fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002.

Af hálfu ákærða er þess aðallega krafist að ákærði verði sýknaður af refsikröfu ákærvalds og að allur sakarkostnaður, þar á meðal réttargæslu- og málsvarnarlaun verjanda, verði greiddur úr ríkissjóði. Til vara er þess krafist að ákærða verði

einungis gerð vægasta refsing sem lög frekast leyfa og að sakarkostnaður verði þá að hluta lagður á ríkissjóð.

### **Málavextir.**

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar í Reykjavík 15. desember 2005 bárust lögreglunni upplýsingar um að ákærði tengdist fíkniefnamisferli, sem að einhverju leyti ætti sér stað að Drangahrauni 8 í Hafnarfirði. Hafi lögreglan af þeim sökum viðhaft eftirlit með því húsi og ofangreindan dag hafi lögreglumenn veitt því athygli að ákærði kom akandi að húsinu á bifreiðinni PE-036. Ákærði hafi þar stöðvað bifreiðina við hlið annarrar bifreiðar, tekið eitthvað úr þeirri bifreið og flutt yfir í PE-036. Að því loknu hafi hann ekið henni inn í port á milli Drangahrauns 6 og 8 þar sem lögreglumennirnir hafi misst sjónar af ákærða um tíma. Bifreiðinni hafi þó verið ekið þaðan skömmu síðar og hafi þeir elt hana að Orrahólum 7 í Reykjavík og hafi ákærði verið handtekinn við bifreiðina kl. 15.40.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar neitaði ákærði lögreglu um heimild til að leita í bifreiðinni PE-036 en að fenginni leitarheimild héraðsdóms hafi fundist í skotti bifreiðarinnar níu pakkningar af ætluðum fíkniefnum sem komið hafði verið fyrir í svörtum ruslapoka í 10 lítra plastfötu. Því til viðbótar hafi lítið magn af kannabisefnum fundist í skotti bifreiðarinnar við frekari leit í henni. Loks hafi ein pakkning af ætluðum fíkniefnum fundist við húsleit að Drangahrauni 8. Við nánari rannsókn tæknideildar lögreglunnar reyndust fíkniefnin sem geymd voru í plastfötunni vera 994,94 g af amfetamíni og 3.797,55 g af kannabis en fíkniefnin sem fundust í bifreiðinni reyndust vera 5,87 g af kannabis.

Sýni úr ofangreindum fíkniefnum voru send til rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði til efnagreiningar og mælingar á styrkleika að beiðni lögreglu 16. desember 2005. Eru matsgerðir rannsóknarstofunnar dagsettar 23. janúar 2006 og kemur þar fram að annars vegar hafi verið um að ræða kannabisefni en hins vegar amfetamín. Í matsgerðinni varðandi amfetamínið kom fram að efnapróf hafi bent til þess að efnið væri að mestu á formi amfetamínsúlfats. Hafi magn amfetamínbasa í þurru sýni annars vegar reynst vera 68%, sem samsvari 93% af amfetamínsúlfati, og hins vegar 67%, sem samsvari 91% af amfetamínsúlfati. Í matsgerðum vegna kannabisefnanna kom fram að magn tetrahýdrókannabínóls í sýnunum hafi verið á bilinu 43 til 45 mg/g.

Við skýrslutöku hjá lögreglu 16. og 22. desember 2005 viðurkenndi ákærði að hafa staðið að innflutningi þeirra fíkniefna sem fundust í greindri plastfötu til landsins. Kvaðst hann hafa tekið að sér að flytja hassefni frá Danmörku til Íslands fyrir erlendan mann, sem trúlega væri frá Írak, sem hann hefði hitt á bar í Danmörku. Hafi verið um það talað að hassinu yrði komið fyrir í drifskaftri bifreiðar ákærða (JZ-287) sem síðan yrði flutt til Íslands. Skyldi ákærði fá í staðinn greiðslu að

fjárhæð 400.000 krónur. Kvaðst ákærði hafa skrúfað drifskafið undan bifreiðinni og farið með það til Írakans. Sá hefði svo komið með það til baka og hafi þá verið um það rætt að Írakinn vitjaði efnanna þegar ákærði væri kominn með þau til Íslands. Hafi um það verið talað að maðurinn kæmi eitthvert hádegisdag á hitta ákærða á BSÍ, en það væri aðal „busterminalinn“ og sú rútustöð sem hann kæmi á ef hann tæki rútu frá Keflavíkurlflugvelli. Hafi þeir ákveðið að hittast þar því ákærði væri þar alltaf í hádeginu. Hann kvaðst hins vegar ekki hafa átt neina möguleika á því sjálfur að ná sambandi við mann þennan og ekki vildi hann greina frá nafni hans af ótta við hefndaraðgerðir af hans hálfu. Ákærði kvaðst hafa fengið kunningja sinn, Jóhannes Bjarmarsson, til að flytja búslóð í fyrrgreindri bifreið frá Danmörku til Íslands. Hafi Jóhannes ekkert vitað um að fikniefnum hefði verið komið fyrir í drifskafi bifreiðarinnar. Hafi Jóhannes ekið bifreiðinni í ferjuna Norrænu í Danmörku og siglt með henni til Seyðisfjarðar. Hafi Jóhannes afhent ákærða bifreiðina í Fossvogi í Reykjavík. Kvaðst ákærði hafa ekið bifreiðinni á verkstæði við Drangahraun í Hafnarfirði og hafi hann þar tekið drifskafið undan henni. Að því búnu hafi hann skorið í sundur drifskafið með skífu og þannig náð að fjarlægja þaðan fikniefnin. Hafi þau verið í svörtum pakkningum og hafi hann tekið eftir því að tvær pakkningarnar voru öðruvísi. Kvaðst hann hafa stungið í aðra þeirra og þá séð að í henni var hvítt duft sem ekki hafi verið rætt um að þar ætti að vera.

### **Framburðir ákærða og vitna fyrir dómi.**

Ákærði skýrði frá því að hann hefði verið beðinn um það af manni sem hann hitti í Danmörku að flytja hingað til lands 4 kíló af hassi gegn 400.000 króna greiðslu og hafi hann samþykkt það. Kvaðst ákærði hafa hitt mann þennan í Danmörku og kunni hann ekki nákvæm deili á honum. Hafi þeirra viðkynning verið með þeim hætti að maðurinn hafi komið að máli við sig á stað sem sé eins konar „kommúna“ en þangað hafi þeir báðir vanið komur sínar. Hafi borist í tal að ákærði væri með bifreið sína JZ-287 í Danmörku og að hann hygðist fara með hana til Íslands á ný. Eftir að þeir hefðu skoðað bifreiðina saman kvaðst ákærði hafa stungið upp á að hann myndi skrúfa drifskafið undan bifreiðinni og afhenda manningnum svo hægt væri að koma fikniefnunum fyrir þar. Hafi niðurstaðan orðið sú og hafi maðurinn tekið drifskafið með sér. Ákærði hafi síðan fengið drifskafið á ný og skrúfað undir bílinn. Hafi fikniefnin verið soðin innan í drifskafið og kvaðst ákærði ekki hafa átt neina möguleika á að kanna hvaða fikniefni hefðu verið sett inn í það. Ekki hafi hann heldur gert kröfu til þess að vera viðstaddur þegar fikniefnunum hafi verið komið þar fyrir, hann hafi ekki verið í neinni aðstöðu til þess. Megi segja að sú afstaða hafi í raun byggst á trausti í garð þessa manns. Framhaldið hafi síðan verið það að hann hafi fengið kunningja sinn, Jóhannes Bjarmarsson, til að fara með bílinn til Íslands og hafi hann flutt bílinn hingað með Norrænu. Kvaðst ákærði hafa tekið við honum í Fossvogi og farið þaðan með hann til Hafnarfjarðar í iðnaðarhúsnæði við Drangahraun. Þar hafi hann tekið drifskafið undan bílnum og fjarlægt fikniefnin sem þar voru. Kvaðst ákærði þá hafa orðið þess var að einn eða tveir pakkana voru öðruvísi en hinir og hafi hann því stungið á þá gat til að athuga það betur og hafi þá komið út einhver hvít drulla. Hafi hann í framhaldi tekið flesta pakkana og flutt þá yfir í vörubíl, en af einhverjum ástæðum hafi eitthvað af hassinu orðið eftir inni í húsinu þar sem það hafi fundist við leit lögreglu.

Aðspurður sagði ákærði að maðurinn sem kom fikniefnunum fyrir í drifskafinu hefði talað um að hitta ákærða á Umferðarmiðstöðinni. Hafi ákærði ekki fengið neitt símanúmer hjá honum né hafi hann haft einhverjar upplýsingar um hvernig hann gæti náð sambandi við hann. Kvaðst ákærði ekki hafa haft neina vitneskju um að selja ætti efnin hér á landi og sjálfur hafi hann ekki ætlað að selja þau. Ákærði sagði ástæðu þess að hann vildi ekki segja til mannsins sem afhenti honum efnin vera þá að hann óttaðist hefndaraðgerðir af hans hendi. Um hafi verið að ræða viðskipti þeirra tveggja og teldi hann hvort eð er einsýnt að sá maður myndi neita að þau hefðu farið fram. Ákærði kvaðst vera 75% öryrki og lifi hann eingöngu á örorkubótum. Hafi hann því ekki átt neina möguleika á að fjármagna umrædd kaup sjálfur.

Ákærði er spurður út í framburð Guðmundar Jónssonar hjá lögreglu. Kvaðst hann telja að sá framburður hafi verið algjört rugl og að Guðmundur, sem nú er látinn, hafi þar verið að tala um hluti sem komi þessu máli ekkert við.

Spiluð var upptaka af símtali ákærða við nafngreindan mann sem náðist við hlerun lögreglu á síma ákærða. Sagði ákærði að maður sá sem hann ræddi við væri kunningi sinn og að símtal þetta hafi að vissu leyti verið gamanmál, því „stundum slær maður svona málum upp í gamanmál eða lætur það líta þannig út“. Var ákærði af því tilefni spurður hvað hann hafi átt við í símtalinu þegar hann tali þar um að hann langi í „Halla“. Sagði ákærði að hann hafi þarna átt við Harley Davidson mótorhjól. Einnig spurður hvað hann hafi átt við með þeim orðum að handtaka hans hafi þýtt „svakalegt tap og tveggja ára fangelsi“ sagðist ákærði hafa þarna átt aðallega við að tapið væri fangelsisrefsingin en einnig að missa af 400.000 króna greiðslunni auk þess kostnaðar sem hljótast myndi af málinu. Spurður hvað hann hafi átt við þegar hann segir í símtalinu: „... það vissi enginn af þessu nema ég í bílnum“ sagði ákærði: „Já það vissi það enginn, náttúrulega, þessi maður þarna úti vissi af því að sjálfsögðu en ég þurfti ekkert að segja honum það. Þetta er maður sem kemur þetta ekkert við í grunninn“.

Ákærði var loks spurður hvort hann hafi átt um 5,87 g af kannabis sem fundust við leit í bifreiðinni PE-036. Sagðist hann hljóta að hafa átt það því hann geti ekki gefið neina skýringu á því af hverju efnið fannst í bílnum. Kvaðst ákærði ekki mótmæla því að fikniefni þau sem fundust í bílnum verði gerð upptæk.

Vitnið Jóhannes Bjarmarsson skýrði frá því að Eva, kona ákærða, hefði beðið hann um að flytja búslóð til landsins í bifreið ákærða JZ-287. Kvaðst hann hafa ekið um borð í Norrænu og komið með bílinn til landsins 13. desember 2005. Hafi hann skilað honum af sér við heimili ákærða einhvers staðar í Fossvoginum. Kvaðst hann ekki hafa haft hugmynd um að í bifreiðinni hafi verið falin fikniefni.

Vitnið Jakob Kristinsson, dósent við Háskóla Íslands, staðfesti matsgerðir sem hann vann ásamt Ingigerði Snorradóttur lyfjafræðingi vegna þeirra fíkniefna sem brot ákærða lúta að. Kvað hann styrkleika þeirra kannabissýna sem rannsökuð voru hafa verið í tæpu meðallagi en amfetamínið hafi aftur á móti verið með því alsterkasta sem rannsóknarstofa Háskólans hafi fengið til rannsóknar. Hafi nánast verið um hreint amfetamínsúlfat að ræða og hafi styrkleiki þess verið yfir 90% en algengur styrkleiki amfetamínsýna, sem rannsóknarstofan hafi fengið til rannsóknar síðustu árin, hafi verið innan við 20%.

### **Niðurstaða.**

Ákærði hefur, bæði fyrir lögreglu og dómi, játað að hafa annast innflutning á þeim fíkniefnum sem fundust við leit í bifreið hans PE-087 og að Drangahrauni 8, og hann hefur lýst að hafi verið geymd í drifskafi bifreiðarinnar JZ-287 við flutning hennar til landsins. Hann hefur þó haldið því fram að hvorki hafi hann sjálfur komið efnunum fyrir í drifskafi bifreiðarinnar né hafi hann haft hugmynd um að þar hefði verið komið fyrir amfetamíni fyrir utan þau hassefni sem um hafi verið talað. Ákærði hefur og haldið því fram að hann hafi tekið að sér gegn 400.000 króna greiðslu að flytja fíkniefni hingað til lands. Hann hefur þó ekki viljað upplýsa um hver afhent hafi honum efnin og borið því við að hann óttaðist hefndaraðgerðir af hálfu viðkomandi. Ekkert er komið fram í málinu sem styður þennan framburð ákærða. Þvert á móti er ýmislegt í hans framburði sem ekki er trúverðugt. Má í því sambandi nefna lýsingu ákærða á því hvernig meintur eigandi fíkniefnanna ætlaði að hitta hann hérlandis, fjárhæð þeirrar greiðslu sem ákærði kvaðst hafa átt að fá fyrir innflutninginn og skýringar hans á því hvað hann hafi átt við þegar hann sagði í símtali sínu við nafngreindan mann að handtaka hans hefði þýtt „svakalegt tap og tveggja ára fangelsi“. Ummælin í símtalinu þar sem ákærði segir „... það vissi enginn af þessu nema ég í bílnum“ benda fremur til þess að ákærði hafi einn staðið að innflutningi efnanna. Er það álit dómsins að leggja beri til grundvallar niðurstöðu í málinu að ákærði beri fulla ábyrgð á innflutningi amfetamínsins eins og þeirra kannabisefna sem flutt voru í drifskafi bifreiðar hans í greint sinn og hann hefur játað að hafa vitað þar um. Telur dómurinn engan vafa leika á að innflutningur efnanna hafi verið í ágóðaskyni, hvort sem ágóðinn hafi eingöngu verið í formi 400.000 króna greiðslu fyrir flutninginn eða í formi hagnaðar af sölu efnanna hérlandis, og að efnin hafi verið ætluð til söludreifingar. Að því virtu sem hér hefur verið rakið verður ákærði því sakfelldur fyrir þá háttsemi sem í ákæru greinir, að því þó undanskildu að samkvæmt gögnum málsins reyndist magn amfetamínsins vera 994,94 g en ekki 999,94 g eins tilgreint er í ákæru. Með hliðsjón af því magni fíkniefna sem hér um ræðir verður fallist á það með ákæruvaldinu að brot ákærða sé stórfellt og varði við 173. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt fyrirbyggjandi sakavottorði ákærða hefur sakaferill hans ekki áhrif á refsíákvörðun í málinu. Fram er komið að amfetamín það sem hér um ræðir

reyndist við athugun rannsóknarstofu í lyfja- og eitufnafræði vera af miklum styrkleika en styrkleiki kannabisefnanna taldist í meðallagi. Að þessu virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 2 ár. Frá refsingunni ber að draga gæsluvarðhaldsvist hans frá 16. til 23. desember 2005.

Með vísan til þeirra lagaákvæða sem tilgreind eru í ákæru eru gerð upptæk 994,94 g af amfetamíni og 3.797,55 g af kannabis, sem ákærði hefur verið sakfelldur fyrir að hafa flutt til landsins og 5,87 g af kannabis, sem fundust við leit lögreglu í bifreiðinni

PE-036.

Ákærði greiði 1.019.920 krónur í sakarkostnað, þar með talin réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Einars Jakobssonar héraðsdómslögmanns, 722.100 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Af hálfu ákæruvaldsins var málið flutt af Kolbrúnu Sævarsdóttur, saksóknara hjá embætti ríkissaksóknara.

## **D ó m s o r ð**

Ákærði, Agnar Þórarinsson, sæti fangelsi í 2 ár. Til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans frá 16. til 23. desember 2005.

Upptæk eru gerð 994,94 g af amfetamíni og 3.803,42 g af kannabis.

Ákærði greiði 1.019.920 krónur í sakarkostnað, þar með talin réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Einars Jakobssonar héraðsdómslögmanns, 722.100 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ásgeir Magnússon